



HRUNAMANNAHREPPUR

15. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 8. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 13. ÁGÚST 2015

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 13. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Fannborg ehf: Minnisblað varðandi Leppistungnaleið.
2. Námsefnisbankinn: Beiðni um styrk.
3. Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um framvarp til laga um húsnæðisbætur.
4. Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Íþróttasamstarf.
5. Lóð undir dælustöð í Sunnuhlíð.
6. Sorphirða: Niðurstaða útboðs.
7. Skipulagsstofnun: Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum.
8. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Niðurstöður ytra mats á leikskólanum Undralandi í Hrunamannahreppi.
9. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

10. Fundargerð 93. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 9. júlí s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.
Mál nr. 13: Flúðir iðnaðarsvæði. Breyting á deiliskipulagi.
Mál nr. 14: Birtingarholt 1: Stofnun lóðar.
Mál nr. 15: Kotlaugar: Umsókn um byggjarleyfi.
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.
11. Fundargerð 94. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 10. ágúst s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 23. júlí s.l.
Mál nr. 16: Hvammsvegur: Aðalskipulagsbreyting.
Mál nr. 17: Birtingarholt 1: Stofnun lóðar.
Mál nr. 18: Kluftir: Stofnun lóðar.
Mál nr. 19: Haukholt 1: Stofnun lóðar.
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. júlí s.l.
12. NOS: Fundargerð 7. fundar frá 24. júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 165. fundar frá 29. maí s.l.
- b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 166. fundar frá 3. júlí s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 241. stjórnarfundar frá 22. júní s.l.
- d. Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: Fundargerð 13. fundar frá 9. júní s.l.

Kynningarmál:

- e. Byggingarleyfi í Leppistungum.
- f. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 4 vegna Högnastígs.
- g. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 5 vegna Högnastígs.
- h. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 6 vegna Högnastígs.
- i. Kerlingarfjöll: Þolmarkarannsókn í Kerlingarfjöllum.
- j. Minjastofnun: Syðra-Langholt.
- k. Minjastofnun: Límtrésverksmiðja Flúðum.
- l. Sumarhús: Talnarýnir.
- m. Forsætisráðuneytið: Þinglýsing eignaheimilda á Hrunamannaafretti.
- n. Forsætisráðuneytið: Þinglýsing eignaheimilda á Hrunaheiðum.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað fyrir vinnslu fjárheimilda o.fl.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 826. fundar stjórnar frá 3. júlí s.l.

- q. SASS: Sjávarútvegur á Suðurlandi.
- r. Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður.
- s. ÖBÍ: Aðgengileg ferðasalerni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn vegna undanþágubeiðni frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2015.

Skýrslur á skrifstofu:

- v. ÍSÍ: Ársskýrsla 2015

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Fannborg ehf: Minnisblað varðandi Leppistungnaleið.**
Oddviti kynnti minnisblað frá Fannborg ehf vegna hluta Leppistunguleiðar en þar eru miklir skaflar sem ekki er víst að verði færir í haust er fjallmenn fara þar um. Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendinguna og telur nauðsynlegt að skoða lagfæringar á staðsetningu vegarins og vísar málinu til landbúnaðarnefndar.
2. **Námsefnisbankinn: Beiðni um styrk.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Námsefnisbankanum. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til skólanefndar.
3. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsögn um framvarp til laga um húsnæðisbætur.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.
4. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Íþróttasamstarf.**
Oddviti kynnti bókun frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi vegna viðræðna sem hafa átt sér stað um íþróttasamstarf og þátttöku í kostnaði vegna iðkenda frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi í íþróttahúsinu á Flúðum. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með stöðu málsins og árangursleysi viðræðnanna.
Sveitarstjórn samþykkir að fara aðrar leiðir í þessu máli og ganga til samninga við UMFH að inn í æfingagjöldum barna sem æfa á vegum UMFH komi fram rekstrarkostnaður vegna húsnæðisins á hvern iðkanda. Hrunamannahreppur samþykkir að styrkja þau börn sem eiga lögheimili í Hrunamannahreppi sem nemur áðurnefndum húsnæðiskostnaði.
5. **Lóð undir dælustöð í Sunnuhlíð.**
Oddviti kynnti viðræður sem hafa átt sér stað um kaup Hrunamannahrepps 1.470m² lóð undir dælustöð vatnsveitunnar í Sunnuhlíð. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og veitustjóra að gera tilboð í lóðina í ljósi umræðna á fundinum.
6. **Sorphirða: Niðurstöðu útboðs.**
Oddviti kynnti niðurstöðu útboðs vegna sorphirðu í Hrunamannahreppi. Fyrir liggur minnisblað frá Tækni- og Uppsveita vegna útboðsins. Niðurstöðu útboðsins var sú að tveir aðilar buðu í verkið sem er samingur um sorphirðu til 4 ára. Íslenska Gámafélagið bauð kr. 42.769.680 og Gámaþjónustan kr. 73.943.760 miðað við 4 ára samning. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Íslenska Gámafélagið um sorphirðingu í Hrunamannahreppi og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við þá.
7. **Skipulagsstofnun: Hálandismiðstöð í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti niðurstöður Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Fannborgar í Kerlingarfjöllum.
8. **Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: Niðurstöður ytra mats á leikskólanum Undralandi í Hrunamannahreppi**
Oddviti kynnti niðurstöður ytra mats á leikskólanum Undralandi sem starfsmenn Námsmatsstofnunar gerðu. Sveitarstjórn þakkar Námsmatsstofnum fyrir greinargóða skýrslu og samþykkir að vísa málinu til skólanefndar.
9. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 9. september nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

10. Fundargerð 93. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 9. júlí s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.

Mál nr. 13: Flúðir iðnaðarsvæði. Breyting á deiliskipulagi.

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis vestan flugvallar á Flúðum. Er breytingin gerð vegna breytttrar aðkomu að svæðinu frá Bræðratunguvegi þar sem komið er hringtorg.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að óverulega breytingu sé að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir núverandi lóðarhafa og um umsögn Samgöngustofu vegna nálægðar við flugvöll.

Mál nr. 14: Birtingarholt 1: Stofnun lóðar.

Lagt fram lóðarblað vegna afmörkunar 2.450m² lóðar utan um íbúðarhúsið á jörðinni Birtingaholt 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun lóðarinnar og við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Ragnar víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 15: Kotlaugar: Umsókn um byggingarleyfi.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við fjós á Kotlaugum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að ekki sé þörf fyrir grenndarkynningu og vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí 2015.

11. Fundargerð 94. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 10. ágúst s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 23. júlí s.l.

Mál nr. 15: Hvammsvegur: Aðalskipulagsbreyting.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga breytingartillaga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna færslu Hvammsvegar á 500 m kafla milli Högnastaða og Hvamms. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 25. júní 2015 og hafa engar ábendingar eða athugasemdir borist.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa breytinguna á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 16: Birtingarholt 1: Stofnun lóðar.

Lagt fram lóðarblað vegna stofnunar 90.000m² lóðar úr landi Birtingaholts 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Ragnar víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 17: Kluftir: Stofnun lóðar.

Lagt fram erindi frá eigendum Klufta vegna landskipta á jörðinni ásamt skiptingu og stofnun lögbýlisréttinda. Gert er ráð fyrir að núverandi lögbýlisréttur fylgi eystri hluta landsins sem yrði 563 ha en sótt verði um nýja lögbýlisrétt á vestari hluta landins sem fengi nafnið Árdalir og eru 522 ha.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir um landskiptin með vísun í 48. gr. skipulagslaga og 13. gr. jarðalaga og að stofnað verði til nýs lögbýlis á vestari hluta jarðarinnar.

Mál nr. 18: Haukholt 1: Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn um stofnun 2.327m² lóðar undir íbúðarhús og útihús úr jörðinni Haukholt 1 en fyrir liggur lóðarblað og samþykki eiganda Haukholta 1 og 2 á hnitsetningu lóðarblaðsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun lóðarinnar með fyrirvara um að á lóðarblaði komi fram kvöð um aðkomu að lóðinni um land Haukholta 1.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. júlí s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2015.

12. NOS: Fundargerð 7. fundar frá 24. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar NOS. Þar er farið yfir starfsemi síðustu mánaða og ráðningu nýs sálfræðings Berglindar Friðriksdóttur. Gerður G. Óskarsdóttir hefur verið fengin til að taka út starfsemina og vera sveitarfélögunum til ráðgjafar. Undirritaðar voru samþykktir fyrir byggðasamlagið, samþykkt að óska eftir upplýsingum frá slitastjórn

Skólaskrifstofu Suðurlands um stöðu mála og síðan var skoðuð ný vinnuaðstaða Skóla- og velferðarþjónustunnar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 165. fundar frá 29. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 166. fundar frá 3. júlí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 241. stjórnarfundar frá 22. júní s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: Fundargerð 13. fundar frá 9. júní s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. **Byggingarleyfi í Leppistungum.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 4 vegna Högnastígs.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 5 vegna Högnastígs.** Lagt fram til kynningar
- h. **Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð nr. 6 vegna Högnastígs.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Kerlingarfjöll: Þolmarkarannsókn í Kerlingarfjöllum.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Minjastofnun: Syðra-Langholt.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Minjastofnun: Límtrésverksmiðja Flúðum.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Sumarhús: Talnarýnir.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Forsætisráðuneytið: Þinglýsing eignaheimilda á Hrunamannafrétti.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Forsætisráðuneytið: Þinglýsing eignaheimilda á Hrunaheiðum.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað fyrir vinnslu fjárheimilda o.fl.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 826. fundar stjórnar frá 3. júlí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- q. **SASS: Sjávarútvegur á Suðurlandi.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Innanríkisráðuneytið: Jöfnunarsjóður.** Lagt fram til kynningar.
- s. **ÖBÍ: Aðgengileg ferðasalarnir fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Umsögn vegna undanþágubeiðni frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2015.** Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- v. **ÍSÍ: Ársskýrsla 2015.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.